

Ed. **249. Frumvarp til laga** [160. mál]
um breyting á sektarmörkum nokkurra laga.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

Lög um verkfall opinberra starfsmanna nr. 33/1915.

A. Í 1. málsl. 1. gr. komi í stað orðanna „sektum frá 500—5 000 krónum eða fangelsi“ orðin: **Sektum eða varðhaldi.**

B. 2. málsl. 1. gr. falli niður.

C. Í 2. gr. komi í stað orðanna „sektum frá 200—2 000 kr. eða fangelsi“ orðin: **sektum eða varðhaldi.**

D. Í 3. gr. falli niður orðin „allt að 2 000 kr.“.

E. Í 4. gr. falli niður orðin „allt að 2 000 kr.“.

2. gr.

Lög um hagfræðiskýrslur nr. 29/1895.

A. Í 8. gr. falli niður orðin „frá 10—200 króna“.

B. Í stað orðanna „1—5 kr.“ í sömu grein komi: allt að 1 000 kr.

3. gr.

Lög um viðauka við lög 8. nóvember 1895 um hagfræðiskýrslur nr. 20/1903.

Í 4. gr. falli niður orðin „frá 10—200 kr.“.

4. gr.

Lög um þjóðskrá og almannaskráningu nr. 54/1962.

A. Í 6. gr. breytist töluorðin „50—300“ í: allt að 1 000.

B. Í 7. gr. falli niður orðin „allt að 500 kr.“ á þremur stöðum í greininni.

5. gr.

Lög um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfraeði- og ættfræðirannsóknnum hér á landi nr. 30/1956.

Í 8. gr. falli niður orðin „100—3 000 krónum“.

6. gr.

Lög um tilkynningar aðsetursskipta nr. 73/1952.

17. gr. sbr. 6. gr. laga nr. 15/1956 orðist svo:

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Fara skal með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

7. gr.

Lög um ríkisbókhald og endurskoðun nr. 61/1931, sbr. l. nr. 52/1966.

10. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Heimilt er fjármálaráðherra að beita dagsektum við vanrækslu á framkvæmd starfa samkvæmt lögum þessum, allt að 5 000 kr. á dag, uns úr er bætt.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög um gjald af kvikmyndasýningum nr. 28/1952.

2. mgr. 5. gr. orðist svo:

Ef gjaldandi lætur ekki í té upplýsingar, sem skipta máli um innheimtu gjaldsins skal hann sæta allt að 1 000 króna dagsektum. Brot gegn lögum þessum og reglugerð samkvæmt þeim varða sektum.

9. gr.

Lög um stéttarfélag og vinnudeilur nr. 80/1938.

Í 70. gr. falli niður orðin „frá 50 —10 000 krónum“.

10. gr.

Lög um vinnumiðlun nr. 52/1956.

Í 11. gr., sbr. 3. gr. l. nr. 71/1969, falli niður orðin „allt að kr. 10 000,00.“.

11. gr.

Lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins nr. 30/1970.

Í 32. gr. falli niður orðin „allt að kr. 25 000,00.“.

12. gr.

Lög um veitingu prestakalla nr. 32/1915.

A. 2. mgr. 20. gr. orðist svo:

Brot gegn ákvæðum laganna varða sektum eða varðhaldi.

B. 3. mgr. 20. gr. falli niður.

13. gr.

Lög um kirkju- og manntalsbækur (sálnaregistur) nr. 3/1945.

Í 4. gr. falli niður orðin „frá 50—1 000 kr.“.

14. gr.

Lög um kirkjugarða nr. 21/1963.

Í 35. gr. falli niður orðin „frá 500—5 000 krónum.“.

15. gr.

Lög um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks, nr. 25/1921.

Í 7. gr., sbr. l. nr. 35/1958 1. gr., falli niður orðin „allt að 20 000 krónum.“.

16. gr.

Lög um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, tæknifræðinga og byggingafræðinga nr. 73/1968.

Í 10. gr. falli niður orðin „frá 1 000 til 10 000 krónum.“.

17. gr.

Lög um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.

A. Í 54. gr. komi í stað töluorðanna „50—100“ orðin: allt að 1000.

B. Í 10. mgr. 58. gr. falli niður orðin „allt að 15 000 kr.“.

18. gr.

Berklavarnalög nr. 66/1939.

Í 22. gr. falli niður orðin „frá 25—1 000 krónum.“.

19. gr.

Lyfjalög nr. 49/1978.

Í 1. mgr. 58. gr. falli niður orðin „að fjárhæð frá 50 000 krónum til 5 000 000 króna“.

20. gr.

Lög um tannlækningar nr. 7/1929.

8. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi ef sakir eru miklar, nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt öðrum lögum.

21. gr.

Ljósmeðralög nr. 17/1933.

10. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum og reglum, settum samkvæmt þeim, varða sektum, nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt öðrum lögum. Fyrir ítrekað brot og mikilsháttar er rétt að svipta ljósmóður rétti til ljósmæðrastarfs um stundarsakir eða að fullu. Fara skal með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

22. gr.

Lög um að tryggja mannelisgildi hveitis nr. 30/1947.

Í 2. gr. falli niður orðin „allt að 10 000 kr.“

23. gr.

Póstlög nr. 31/1940.

A. Í 1. mgr. 22. gr., sbr. 2. gr. l. nr. 73/1954, falli niður orðin „frá 5 til 500 kr.“.

B. Í 4. mgr. 22. gr. falli niður orðin „5 til 500 kr.“.

C. Í lokamálsgrein 22. gr. falli niður orðin „þó ekki yfir 20 krónur.“.

24. gr.

Lög um innlenda endurtryggingu, stríðsslysaftryggingu skipshafna, o. fl. nr. 43/1947.

A. 27. gr. orðist svo:

Brot á lögum þessum varða sektum og skal farið með mál út af brotum á lögnum að hætti opinberra mála.

B. 2. mgr. 28. gr. orðist svo:

Í reglugerðina má setja ákvæði um, að brot gegn henni varði sektum.

25. gr.

Lög um Brunabótafélag Íslands nr. 9/1955.

Í 2. mgr. 25. gr. falli niður orðin „100—5 000 krónum eftir málavöxtum.“.

26. gr.

Lög um búfjártryggingar nr. 20/1943.

Í 15. gr., lokamálslið, falli niður orðin „10—500 kr., er renni í Búfjártryggingasjóð.“.

27. gr.

Lög um ófriðartryggingar nr. 2/1944.

40. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggja við broti samkvæmt öðrum lögum. Skal farið með mál út af brotum á lögnum að hætti opinberra mála.

28. gr.

Lög um ávöxtun fjár tryggingarfélaga nr. 17/1964.

Í 8. gr. falli niður orðin „allt að kr. 100 000,00.“

29. gr.

Lög um útgáfu og notkun nafnskírteina nr. 25/1965.

Í 7. gr. falli niður orðin „allt að 10 000 kr.“.

30. gr.

Lög um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum nr. 42/1913.

Í 12. gr. falli niður orðin „allt að 100 kr.“.

31. gr.

Lög um útmælingar lóða í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum o. fl. nr. 75/1917.

Í 2. mgr. 4. gr. breytist töluorðið „20“ í: allt að 5 000.

32. gr.

Lög um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum nr. 44/1964.

Í 7. gr. falli niður orðin „allt að kr. 5 000,00.“.

33. gr.

Ábúðarlög nr. 64/1976.

Í 45. gr. falli niður orðin „allt að kr. 100 000,00.“.

34. gr.

Jarðalög nr. 65/1976.

Í 61. gr. falli niður orðin „allt að kr. 100 000,00.“.

35. gr.

Lög um afréttamálefni, fjallskil o. fl. nr. 42/1969.

Í 73. gr., sbr. 4. gr. l. nr. 43/1976, falli niður orðin „frá kr. 5 000,00 til 50 000,00.“.

36. gr.

Jarðræktarlög nr. 79/1972.

Í 1. mgr. 22. gr. falli niður orðin „frá 1 000—10 000 krónum, og ef það er gert í eiginhagsmunaskyni, má þvingja refsinguna um helming“.

37. gr.

Lög um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum nr. 7/1945.

Í 29. gr. falli niður orðin „frá 100—5 000 kr.“

38. gr.

Girðingarlög nr. 10/1965.

Í 25. gr., sbr. 1. gr. l. nr. 41/1971, falli niður orðin „allt að 100 þúsund krónum.“

39. gr.

Lög um skógrækt nr. 3/1955.

Í 30. gr. falli niður orðin „frá 200—10 000 kr.“.

40. gr.

Lög um landgræðslu nr. 17/1965.

Í 43. gr., sbr. 12. gr. l. nr. 54/1975, falli niður orðin „frá 2 000 til kr. 40 000.“.

41. gr.

Búfjárræktarlög nr. 31/1973.

Í 65. gr. falli niður orðin „kr. 1 000,00 til kr. 100 000,00.“.

42. gr.

Lög um berklaveiki í nautpeningi nr. 25/1923.

6. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum og reglugerð sem um ræðir í 5. gr. varða sektum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

43. gr.

Lög um gelding húsdýra nr. 123/1935.

5. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

44. gr.

Lög um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar nr. 83/1936.

Í 5. gr. komi í stað orðanna „3—15 þúsund króna sekt, eða fangelsi, sem hækka má allt að 2 ára hegningarvinnu, ef sakir eru miklar eða brot ítrekuð“ þessi orð: sekt eða varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

45. gr.

Lög um afla- og útgerðarskýrslur nr. 55/1941.

Í 5. gr. breytist orðin „25—100“ í: allt að 1 000.

46. gr.

Lög um síldarverksmiðjur ríkisins nr. 1/1938.

Í 3. mgr. 12. gr. falli niður orðin „frá 1 000 til 10 000 kr.“

47. gr.

Lög um löggilta endurskoðendur nr. 67/1976.

Í 17. gr. falli niður orðin „allt að 1 000 000 kr.“

48. gr.

Lög um fyrirtækjaskrá nr. 62/1969.

A. Í 1. mgr. 14. gr. komi í stað töluorðanna „100—1 000“ orðin: allt að 5 000.

B. Í 2. mgr. 14. gr. falli niður orðin „allt að 10 000 kr.“

C. Í 1. másl. 15. gr. falli niður orðin „300—3 000 kr.“

49. gr.

Lög um metramæli og vog nr. 33/1907.

6. gr. orðist svo:

Brot gegn næstsíðustu málsgrein 4. gr. varða sektum, og skulu mál út af þeim sæta meðferð opinberra mála.

50. gr.

Lög um mælitæki og vogaráhöld nr. 13/1924.

Í 9. gr. falli niður orðin „frá 5—200 kr.“

51. gr.

Lög um vigt á síld nr. 36/1930.

3. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, og fer um mál út af brotunum að hætti opinberra mála.

52. gr.

Lög um sölu á steinolíu, hráolíu, bensíni og smurningsolíu nr. 21/1949.

5. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

53. gr.

Lög um útflutning hrossa nr. 64/1958.

Í 9. gr. falli niður orðin „frá 2 000—20 000 kr.“.

54. gr.

Lög um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og þurrmjólk nr. 88/1949.

A. 3. gr. orðist svo:

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum. Gera skal upptæka ólöglega innflutta mjólk, og rennur andvirði hennar í ríkissjóð. Um mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

B. 4. gr. falli niður.

55. gr.

Lög um einkarétt ríkisstjórnarinnar til þess að flytja trjáplöntur til landsins, og um eftirlit með innflutningi trjáfræs nr. 78/1935.

A. 6. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum. Ólöglega innfluttar trjáplöntur skulu gerðar upptækar samkvæmt ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga. Mál út af brotum þessum sæta meðferð opinberra mála.

B. 7. gr. falli niður.

56. gr.

Lög um tilbúning og verslun með smjörlíki o. fl. nr. 32/1933.

13. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á lögum skal fara að hætti opinberra mála.

57. gr.

Lög um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum nr. 92/1935.

2. gr. orðist svo:

Brot gegn reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum, og fer um mál út af brotum að hætti opinberra mála.

58. gr.

Lög um útflutning saltaðrar síldar nr. 70/1933.

3. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum og sæta mál út af brotum meðferð opinberra mála.

59. gr.

Lög um flokkun og mat ullar nr. 21/1976.

Í 7. gr. falli niður orðin „frá 5 000 til 100 000 krónum.“.

60. gr.

Lög um lögskráningu sjómanna nr. 63/1961.

Í 25. gr. falli niður orðin „allt að kr. 10 000,00“.

61. gr.

Lög um skipströnd og vogrek nr. 42/1926.

A. Í 1. tl. 32. gr. falli niður orðin „10—1 000 kr.“.

B. 2. mgr. 33. gr. orðist svo:

Mál út af brotum á lögum þessum varða sektum og fer um mál út af brotunum að hætti opinberra mála.

62. gr.

Lög um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi nr. 23/1955.

A. Í 3. mgr. 5. gr. falli niður orðin „frá 500—20 000 kr.“.

B. 14. gr. orðist svo:

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða að brot gegn ákvæðum hennar varði sektum.

63. gr.

Lög um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi nr. 38/1951.

A. Í 3. mgr. 5. gr. falli niður orðin „frá 500—20 000 kr.“.

B. 14. gr. orðist svo:

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða að brot gegn ákvæðum hennar varði sektum.

64. gr.

Lög um landshöfn í Þorlákshöfn nr. 61/1966.

A. Í 3. mgr. 5. gr. falli niður orðin „frá 500—20 000 kr.“.

B. 14. gr. orðist svo:

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða að brot gegn ákvæðum hennar varði sektum.

65. gr.

Lög um bann við sölu og leigu skipa úr landi nr. 2/1917.

2. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum og fer um mál út af brotunum að hætti opinberra mála.

66. gr.

Lög um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimamelum nr. 113/1945.

Í 9. gr. falli niður orðin „allt að 1 000 kr.“

67. gr.

Lög um mannanöfn nr. 54/1925.

7. gr. orðist svo:

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum. Með mál út af lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

68. gr.

Lög um stofnun og slit hjúskapar nr. 60/1972.

A. Í 4. mgr. 47. gr. breytist töluorðin „50—500“ í: allt að 1000.

B. Í 2. mgr. 76. gr. falli niður orðin „100—10 000 króna“.

69. gr.

Lög um samvinnufélög nr. 46/1937.

A. Í 2. mgr. 42. gr. falli niður orðin „allt að 2 000 kr.“.

B. Í 3. mgr. 42. gr. falli niður orðin „allt að 1 000 kr.“.

70. gr.

Lög um bæjanöfn o. fl. nr. 35/1953.

Í 1. mgr. 10. gr. falli niður orðin „allt að kr. 1 000,00.“.

71. gr.

Landskiptalög nr. 46/1941.

Í 19. gr. falli niður orðin „allt að 1 000 kr., er renni í viðkomandi sveitarsjóð.“.

72. gr.

Lög um almenn gæðamerki nr. 89/1935.

Í 2. mgr. 8. gr. falli niður orðin „frá 10—5 000 kr.“.

73. gr.

Lög um málflytjendur nr. 61/1942.

Í 3. mgr. 8. gr. breytist töluorðið „5 000“ í töluorðið 50 000.

74. gr.

Lög um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmalaflokka og blaðaútgáfu erlendra sendiráða á Íslandi nr. 62/1978.

Í 1. mgr. 5. gr. falli niður orðin „allt að tíu milljónum króna.“.

75. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á sl. vori var samþykkt á Alþingi frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980 og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga. Lög þessi voru útgefin sem lög nr. 75 13. maí 1982. Með lögum þessum var breytt sektarákvæðum 52 laga. Áfram hefur síðan verið unnið að endurskoðun á sektarákvæðum sérrefsilaga og með frumvarpi þessu er lagt til að breytt verði sektarákvæðum 74 laga til viðbótar á sama hátt og gert var með fyrrgreindum lögum, þ. e. að í stað ákveðinnar krónutölu komi almenn sektarheimild sem markast af ákvæði 50. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eins og sú grein ákveður sektarmörk á hverjum tíma.

Þá er í 9 greinum frumvarpsins lagt til að jafnframt verði lagfærð ákvæði um dagsektarfrjárhæðir. Um dagsektir gilda ekki almenn ákvæði á sama hátt og um almennar sektir þannig að ákveða þarf í hverjum einstökum lögum tiltekin krónutölumörk slíkra viðurlaga. Er lagt til að hámark dagsekta miðist nú við kr. 1000 eða 5000. Tekið skal fram að ekki hefur verið gerð almenn könnun á dagsektarákvæðum.

Er gerð var skrá yfir lagaákvæði sem hafa að geyma ákvæði þar sem sektir eru tilteknar í krónutölu voru á þeirri skrá um 200 lög. Eftir að unnið hefur verið úr þeirri skrá lög nr. 75/1982 og frumvarp þetta, sem breyta eða leggja til að breytt verði samtals 126 lögum, standa eftir um 70 lagaákvæði sem ekki hefur þótt ástæða til að breyta, í flestum tilvikum vegna þess að efni laganna hefur ekki lengur raunhæft gildi. Samráð hefur verið haft við viðkomandi ráðuneyti um hvaða lög skyldi taka upp í frumvarp þetta og hvaða lögum væri ekki ástæða til að hreyfa við.

Að öðru leyti vísast til athugasemda með frumvarpi til fyrrgreindra laga nr. 75/1982. Til glöggvunar er svo sem í fyrra frumvarpi tekinn upp í fylgiskjali texti lagagreina þeirra sem lagt er til að breytt verði.

Fylgiskjal.

Skrá yfir lagagreinar

sem hafa að geyma sektarákvæði og lagt er til að breytt verði með frv. til laga um breyting á sektarákvæðum nokkurra laga.

1. gr. frv.

Lög um verkfall opinberra starfsmanna nr. 33/1915.

1. gr. Hver sá, er sjálfur tekur þátt í verkfalli, enda skyldi starfið unnið samkvæmt embættisskyldu eða sem sýslan í þarfir landsins, Landsbankans, spítala, sveitar, sýslu eða kaupstaðar, skal sæta sektum frá 500—5 000 krónum eða fangelsi eða embættis- eða sýslunarmissi, ef miklar sakir eru, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum. Ef sérstakar málsbætur eru fyrir hendi, svo sem æska, upphvatning vandamanna eða yfirboðara, má færa sektina niður úr 500 kr. allt niður í 200 kr.

2. gr. Hver sá, er hvetur eða tælir embættis- eða sýslunarmann eða ógnar honum til slíks verkfalls, er í 1. gr. segir, án þess að taka sjálfur þátt í því, eða veitir á annan hátt tilstyrk sinn til þess að slíkt verkfall hefjist eða haldi áfram, skal sæta sektum frá 200—2 000 kr. eða fangelsi ef miklar sakir eru, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

3. gr. Embættis- eða sýslunarmaður, sem ógnar með að taka þátt í verkfalli, sem í 1. gr. segir, skal, enda þótt verkfallið komi eigi til framkvæmda, sæta sektum, allt að 2 000 kr., enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr. Sá, er ógnar embættis- eða sýslunarmanni eða hvetur eða tælir hann til að ógna með verkfalli, sem í 1. gr. segir, skal, enda þótt verkfallið komi eigi til framkvæmda, sæta sektum, allt að 2 000 kr., enda liggi eigi þyngri refsing við að öðrum lögum.

5. gr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem sakamál.

2. gr. frv.

Lög um hagfræðiskýrslur nr. 29/1895.

8. Gefi nokkur vísvitandi rangar skýrslur um nokkurt af þeim atriðum, sem um er spurt samkvæmt 3.—5. gr. í lögum þessum, eða neiti nokkur að staðfesta skýrslu sína með vottorði upp á æru og trú, varðar það sektum frá 10—200 króna. Tregðist nokkur við að láta í té skýrslur, er heimilt er samkvæmt lögum þessum að heimta, má þröngva honum til þess með dagsektum, 1—5 kr. á dag.

3. gr. frv.

Lög um viðauka við lög 8. nóvember 1895 um hagfræðiskýrslur nr. 20/1903.

4. gr. Vanræksla á að senda landshöfðinga á lögboðnum tíma skýrslur þær, er nefndar eru í 1.—3. gr., varðar sektum frá 10—200 kr. Hafi ábyrgðarfélag gert sig sekt í þessari vanrækslu, og það hefur heimilisfang á Íslandi, skal stjórn félagsins sæta sektunum. Eigi félagið heimilisfang erlendis, skal erindreki þess eða fulltrúi hér á landi sæta sektunum.

4. gr. frv.

Lög um þjóðskrá og almannaskráningu nr. 54/1962.

6. gr. Nú bregst það, að skýrslur, sem um ræðir í 4. og 5. gr., séu látnar í té, áður en fresti lýkur, og getur Hagstofan þá þröngvað hlutaðeigandi með dagsektum 50—300 kr. á dag, til að láta gögnin í té. Dagsektir skulu taka gildi 5 dögum eftir að Hagstofan tilkynnir hlutaðeigandi aðila þær með símskeyti eða bréfi afhentu sama dag og það er skrifað, enda geri hann ekki skil áður en þeim fresti lýkur. — Ákvæði 1. málsg. þessarar greinar taka einnig til skila

sóknarpresta á dánarvottorðum, svo og til skila ljósmæðra á tilkynningum um barnsburði, samkvæmt reglugerð nr. 103/1933 eins og henni var breytt með auglýsingu nr. 158/1942. — Lögreglustjóri innheimtir sektarfé samkvæmt 1. og 2. málsg. þessarar gr., og rennur það í ríkissjóð. Hlutaðeigandi skal inna greiðslu sektarfjárins af hendi ekki síðar en 7 dögum eftir að hann afhenti Hagstofunni hinar síðbúnu skýrslur eða setti þær í póst.

7. gr. Nú kemur það í ljós, að sóknarprestur hefur vanrækt að gera lögboðna skýrslu til Hagstofunnar um fæðingu, skírn, nafngift, hjónavígslu eða mannlát eða skýrsla um slíkt er fyrst látin í té að liðnum skilafresti, og varðar það þá sekt allt að 500 kr. Sama gildir, ef sóknarprestur framkvæmir líksöng án þess að hafa áður fengið í hendur dánarvottorð hins látna. — Nú annast annar prestvígður maður en hlutaðeigandi sóknarprestur (safnaðarstjóri) skírn eða hjónavígslu, og skal hann þá tilkynna hana bæði sóknarpresti prestakallsins og Hagstofunni innan 7 daga, en útfararathöfn, sem hann annast, skal hann tilkynna bæði hlutaðeigandi sóknarpresti og Hagstofunni áður en 3 dagar eru liðnir frá útförinni. Sé þetta vanrækt, varðar það sekt allt að 500 kr. — Nú vanrækir ljósmóðir að láta í té lögboðna tilkynningu um barnsburð eða tilkynningu um hann er fyrst afhent að liðnum skilafresti, og varðar það þá sekt allt að 500 kr.

5. gr. frv.

Lög um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknnum hér á landi nr. 30/1956.

8. gr. Brot gegn lögum þessum og reglugerð varða sektum, 100—3000 krónum.

6. gr. frv.

Lög um tilkynningar aðsetursskipta nr. 73/1952, sbr. 6. gr. l. nr. 15/1956.

17. gr. Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum 50—1 000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Fara skal með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála, nema kæra falli niður, sbr. 2. málsg. þessarar gr. Sektarfé vegna brota, sem sveitarstjórn kærir til dómara, rennur í viðkomandi sveitarsjóð, en sektarfé vegna brota, sem Hagstofa Íslands kærir, renna í ríkissjóð. — Sveitarstjórnnum er heimilt að taka tilboði brotlegs aðila um greiðslu hæfilegrar sektar innan þess hámarks og lágmarks sektar, sem um ræðir í 1. málsg. Skal þá kæra falla niður, enda sé greiðsla sektarfjárins innt af hendi tafarlaust.

7. gr. frv.

Lög um ríkisbókhald og endurskoðun nr. 61/1931, sbr. l. nr. 52/1966.

10. gr. Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum frá 200—2 000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. — Heimilt er fjármálaráðherra að beita dagsektum við vanrækslu á framkvæmd starfa samkvæmt lögum þessum, allt að 50 kr. á dag, uns úr er bætt. — Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögglumál.

8. gr. frv.

Lög um gjald af kvikmyndasýningum nr. 28/1952.

5. gr. Gjald samkvæmt lögum þessum má innheimta með lögtaki.

Ef gjaldandi lætur ekki í té upplýsingar, sem skipta máli um innheimtu gjaldsins, skal hann sæta allt að 500 króna dagsektum. Brot gegn lögum þessum og reglugerð samkvæmt þeim varða sektum, allt að 10 000 krónum.

Með mál, sem rísa kunna vegna brota á lögum þessum eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr. frv.

Lög um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938.

70. gr. Brot á lögum þessum varða auk skaðabóta sektum frá 50—10 000 krónum. Sektirnar renna í ríkissjóð, og má innheimta þær sem fjárkröfur á venjulegan hátt, en um aflánun skal eigi vera að ræða.

10. gr. frv.

Lög um vinnumiðlun nr. 52/1956, sbr. 3. gr. laga nr. 71/1969.

11. gr. Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 10 000,00 til ríkissjóðs, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

11. gr. frv.

Lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins nr. 30/1970.

32. gr. Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 25 000,00 og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

12. gr. frv.

Lög um veitingu prestakalla nr. 32/1915.

20. gr. 2. og 3. mgr. Brot gegn ákvæðum þessum varða einföldu fangelsi, ekki skemur en viku, eða sektum, ef málsbætur eru, þó eigi undir 20 kr.

Önnur brot gegn lögum þessum varða allt að 200 kr. sektum til prestlaunasjóðs.

13. gr. frv.

Lög um kirkju- og manntalsbækur (sálmaregistor) nr. 3/1945.

4. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs frá 50—1 000 kr., nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum, og skulu mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála.

14. gr. frv.

Lög um kirkjugarða nr. 21/1963.

35. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 500—5 000 krónum, enda liggja eigi þyngri refsing við samkvæmt eldri lögum.

15. gr. frv.

Lög um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks nr. 25/1921, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1958.

7. gr. Brot samkvæmt 5. gr. laganna varðar sektum allt að 20 000 krónum.

16. gr. frv.

Lög um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, tæknifræðinga eða byggingafræðinga nr. 73/1968.

10. gr. Hver, sem kallar sig heiti, er leyfi þarf til samkvæmt lögum þessum, án þess að hafa fengið slíkt leyfi, skal sæta sektum frá 1 000 til 10 000 krónum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

17. gr. frv.

Lög um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.

54. gr. Barnaverndarráð heimtíð ársskýrslur frá barnaverndarnefndum og gefur út útdrátt úr þeim ásamt skýrslu um störf sín ekki sjaldnar en annað hvert ár. Ráðherra getur, að fengnum tillögum barnaverndarráðs, beitt dagsektum, 50—100 kr. á dag, ef barnaverndarnefnd vanrækir að standa skil á fyrirskipuðum skýrslum.

58. gr. 10. mgr. Ef forráðamaður kvikmyndahúss brýtur gegn ákvæðum þessarar greinar eða ákvæðum reglugerðar, settum samkvæmt henni, varðar það allt að 15 000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

18. gr. frv.

Berklavarnarlög nr. 66/1939.

22. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 25—1 000 krónum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

19. gr. frv.

Lyfjalög nr. 49/1978.

58. gr. Brot á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum að fjárhæð frá 50 000 krónum til 5 000 000 króna nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

20. gr. frv.

Lög um tannlækningar nr. 7/1929.

8. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—1 000 kr., eða einföldu fangelsi, allt að 6 mánuðum, ef miklar sakir eru, enda sé brotið ekki svo vaxið, að það heyri undir hin almennu hegningarlög. Skulu sektir renna í ríkissjóð. — Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

21. gr. frv.

Ljósmaðralög nr. 17/1933.

10. gr. Brot gegn lögum þessum og ljósmaðrareglugerðinni varða sektum, 50—500 kr., nema þyngri hegning liggji við brotinu að lögum. Fyrir ítrekað brot og mikilsháttar (sbr. næstu grein) er rétt að svipta ljósmaður rétti til ljósmaðrastarfa um stundarsakir, og fyrir fullt og allt, ef sakir eru miklar. Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

22. gr. frv.

Lög um að tryggja manneldisgildi hveitis nr. 30/1947.

2. gr. Brot gegn ákvæðum reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, skulu varða allt að 10 000 kr. sekt, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum.

23. gr. frv.

Póstlög nr. 31/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 73/1954.

22. gr. Brot gegn ákvæðum 3., 4., 5., 8., 9., 10. og 11. greinar varða sektum frá 5 til 500 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. — Fyrir brot á 5. gr., um einkarétt póststjórnarinnar, skal auk sekta greiða venjulegt burðargjald fyrir hverja sendingu, sem flutt hefur verið ólöglega. — Þegar ákveða skal sekt á hendur sendanda, kemur mjög til greina, hvort hann sjálfur eða sá, sem flutti sendinguna, er í þjónustu póststjórnarinnar. — Valdi misferli af hálfu þeirra, sem annast póstflutninga á landi eða sjó, póststjórninni ábyrgðar til skaðabóta, skal hlutaðeigandi auk sektarinnar endurgjalda henni skaðabætur þær, sem hún á að inna af hendi. — Embættismenn eða sýslunarmenn, sem baka ríkissjóði meiri útgjöld fyrir burðargjöld en þeim ber, skulu sæta 5 til 500 kr. sektum. — Fyrir brot gegn ákvæðum 1. greinar c. skal greiða sekt, er sé fimmtungur af verði því, er leynt er, þó ekki yfir 20 krónur.

24. gr. frv.

Lög um innlenda endurtryggingu, stríðsslysaftryggingu skipshafna o. fl. nr. 43/1947.

27. gr. Brot á lögum þessum varða sektum allt að kr. 100 000,00, og skal farið með mál út af brotum á þeim sem almenn lögreglumál.

28. gr. Nánari ákvæði um félagið og starfsemi þess, réttindi og skyldur þátttakenda í félaginu, hinna tryggðu og hinna tryggingarskyldu, skulu sett með reglugerð, er stjórn félagsins semur, en ráðherra staðfestir. — Í reglugerðina má setja ákvæði um, að brot gegn henni varði refsingu, allt að kr. 100 000,00 sekt. — Þar til ný reglugerð hefur verið staðfest, gilda ákvæði reglugerðar nr. 61 6. maí 1944, eftir því sem við á.

25. gr. frv.

Lög um Brunabótafélag Íslands nr. 9/1955.

25. gr. Brjótí váttryggjandi á móti lögum þessum eða reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varðar það réttindamissi til tjónþola eftir málavöxtum, svo sem reglu-

gerð nánar tiltekur. — Brjótí aðrir en váttryggjendur gegn lögum þessum eða reglum og ákvæðum settum samkvæmt þeim, varðar það sektum, 100—5 000 krónum eftir mála-
vöxtum.

26. gr. frv.

Lög um búfjártryggingar nr. 20/1943.

15. gr. Brjótí váttryggjandi lög þessi eða reglugerð og skilyrði, sem sett eru samkv. þeim, varðar það réttindamissi til skaðabóta eftir málavöxtum, svo sem reglugerð tiltekur nánar. Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 10—500 kr., er renni í Búfjártryggingarsjóð. —

27. gr. frv.

Lög um ófriðartryggingar nr. 2/1944.

40. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 1 000 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Skal fara með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

28. gr. frv.

Lög um ávöxtun fjár tryggingafélaga nr. 17/1964.

8. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 100 000,00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

29. gr. frv.

Lög um útgáfu og notkun nafnskirteina nr. 25/1965.

7. gr. Brot gegn ákvæðum þessara laga og gegn reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 10 000 kr.

30. gr. frv.

Lög um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum nr. 42/1913.

12. gr. Brot gegn þessum lögum, eða reglum, sem settar eru eftir þeim, varða sektum, allt að 100 kr., nema hærri hegning sé við lögð í almennum lögum. Sektirnar renna í landssjóð.

31. gr. frv.

Lög um útmælingar lóða í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum o. fl. nr. 75/1917.

4. gr. 2. mgr. Nú notar einhver hringa, landfestar eða önnur skipsfestaráhöld eða lendingartæki, sem hann hvorki á né hefur umráð yfir, og ber honum þá tafarlaust að láta áhöldin laus við eiganda eða umráðamann, þegar skip þeirra þurfa á þeim að halda, að viðlögðum 20 kr. sektum fyrir hvern dag, er hann lætur fyrir farast að sleppa áhöldunum, og bæti þar að auki allt það tjón, er af því kann að leiða, að hann lét þau ekki laus þegar í stað.

32. gr. frv.

Lög um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum nr. 44/1964.

7. gr. Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum skv. þeim varða sektum, allt að kr. 5 000,00. Um meðferð mála út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

33. gr. frv.

Ábúðarlög nr. 64/1976.

45. gr. Vanræki jarðeigandi skyldur sínar samkvæmt 2.—3. gr., 1. mgr. 4. gr. laga þessara, varðar það brot hans sektum, allt að kr. 100 000,00. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

34. gr. frv.

Jarðalög nr. 65/1976.

61. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 100 000,00. Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

35. gr. frv.

Lög um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42/1969, sbr. lög nr. 43/1976.

73. gr. Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og samþykktá, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum frá kr. 5 000,00 til 50 000,00, og skal fara með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

36. gr. frv.

Jarðræktarlög nr. 79/1972.

22. gr. Sá, er segir héraðsráðunaut, trúnaðarmanni, aðstoðarmanni eða Búnaðarfélagi Íslands vísitandi rangt til um framkvæmdir og gerð þeirra mannvirkja, er ríkisframlags eiga að njóta samkvæmt II. og III. kafla, eða brýtur að öðru leyti ákvæði þessara laga í einhverju því, er verulegu máli skiptir, skal sæta sektum frá 1 000—10 000 krónum, og ef það er gert í eiginhagsmunaskyni, má þyngja refsinguna um helming. — Brjóti héraðsráðunautur, trúnaðarmaður, aðstoðarmaður eða annar starfsmaður Búnaðarfélags Íslands þær fyrirskipanir, er honum eru settar í erindisbréfi, eða fari ekki eftir fyrirmælum laga þessara eða reglugerðar, skal hann sæta sömu refsingu, er að ofan getur, nema þyngri refsing liggir við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á þessari grein skal farið að hætti opinberra mála.

37. gr. frv.

Lög um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum nr. 7/1945.

29. gr. Brot gegn lögum þessum og reglugerð varðar sektum til ríkissjóðs frá 100—5 000 kr., nema þyngri refsing liggir við samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

38. gr. frv.

Girðingarlög nr. 10/1965, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1971.

25. gr. Brot gegn lögum þessum svo og girðingarsamþykktum sýslu- og sveitarfélaga (sbr. 17. og 20. gr.) varða sektum allt að 100 þúsund krónum.

39. gr. frv.

Lög um skógrækt nr. 3/1955.

30. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 200—10 000 kr., til ríkissjóðs, og fer um mál út af þeim brotum að hætti opinberra mála.

40. gr. frv.

Lög um landgræðslu nr. 17/1965, sbr. 12. gr. l. nr. 54/1975.

43. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs frá kr. 2 000 til kr. 40 000, nema þyngri refsing liggir við að öðrum lögum. Mál út af þeim skal fara með að hætti opinberra mála.

41. gr. frv.

Búfjárræktarlög nr. 31/1973.

65. gr. Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, kr. 10 000,00 til kr. 100 000,00 nema þyngri refsing liggir við samkvæmt öðrum lögum. Sektarfé rennur í sjóð þess búnaðarfélags, þar sem brot var framið. — Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

42. gr. frv.

Lög um berklaveiki í nautpeningi nr. 25/1923.

6. gr. Brot móti lögum þessum og reglugerð, sem ræðir um í 5. gr., varða sektum, frá 50—500 kr., er renna í ríkissjóð. Mál út af slíkum brotum skal fara með sem almenn lögreglumál.

43. gr. frv.

Lög um gelding húsdýra nr. 123/1935.

5. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 50—500 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum gildandi lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

44. gr. frv.

Lög um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar nr. 83/1936.

5. gr. Hver sá, sem sannur verður að því, með skeytum, firðtali, ljósmerkjum eða á hvern annan hátt, að hafa ætlað að stuðla að brotum á fiskveiðalöggjöfinni, forða sökunaut frá töku eða gefa veiðiskipi bendingar um ferðir varðskipanna, skal sæta 3—15 þúsund króna sekt, eða fangelsi, sem hækka má allt að 2 ára hegningarvinnu, ef sakir eru miklar eða brot itrekuð. — Önnur brot á lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing sé lögð við að lögum.

45. gr. frv.

Lög um afla- og útgerðarskýrslur nr. 55/1941.

5. gr. Vanræki einhver að gefa skýrslur þær, sem um ræðir í lögum þessum eða þeim reglugerðum, sem út verða gefnar samkvæmt þeim, sæti sá sektum, 25—100 kr. á dag frá þeim degi að telja, er skýrsla skal síðast gefin.

46. gr. frv.

Lög um síldarverksmiðjur ríkisins nr. 1/1938.

12. gr. Síldarverksmiðjum ríkisins skal skylt að selja samvinnufélögum, bæjarfélögum, hreppsfélögum og búnaðarfélögum það af síldarmjöli, sem slík félög panta fyrir 30. september ár hvert.

Hámarksverð á síldarmjöli til samvinnufélaga, bæjarfélaga, hreppsfélaga og búnaðarfélag ákveður ríkisstjórnin ár hvert, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnar og með hliðsjón af kostnaðarverði og markaðsverði, enda hafi félögin pantað fyrir 30. september það af síldarmjöli, sem þau telja sig þurfa og síldarbræðslurnar geta látið af höndum. Skulu félögin skyld að hafa leyst út pantanir sínar í síðasta lagi 10. nóv. það ár, sem þær eru gerðar.

Félögin mega aðeins láta síldarmjölið af hendi til notkunar innanlands. Brot á móti þessu varða sektum frá 1 000 til 10 000 kr.

47. gr. frv.

Lög um löggilta endurskoðendur nr. 67/1976.

17. gr. Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varðar allt að 1 000 000 kr. sekt til ríkissjóðs, nema þyngri hegning liggji við að öðrum lögum.

48. gr. frv.

Lög um fyrirtækjaskrá nr. 62/1969.

14. gr. Nú bregst það, að látnar séu í té upplýsingar samkvæmt 9. gr., áður en almennum skilafresti lýkur, og getur Hagstofan þá þröngvað aðila með dagsektum, 100—1 000 kr. á dag, til að láta upplýsingar í té. Dagsektir taka gildi 5 dögum eftir að aðili meðtekur símskeyti eða bréf um þær, enda geri hann ekki skil áður en þeim fresti lýkur. — Nú kemur það í ljós, að aðili, er skal veita upplýsingar samkvæmt 9. gr., hefur vanrækt að láta þær í té áður en skilafresti lauk, og varðar það þá sektum allt að 10 000 kr. — Lögreglustjóri innheimtir sektarfé samkvæmt 1. málsg. þessarar gr. Skal greiðsla þessi innt af hendi eigi síðar en 7 dögum eftir að hlutaðeigandi afhenti Hagstofu hina síðbúnu skýrslu eða setti hana í póst.

15. gr. Nú er ákveðið að nota heimild þá, er um ræðir í 1. málsg. 6. gr., og skulu þá brot gegn ákvæðum um tilkynningarskyldu varða sektum 300—3 000 kr. Ákvæði 2. málsg. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 82/1961, sbr. lög nr. 29/1966, skulu gilda um mál þessi.

49. gr. frv.

Lög um metramæli og vog nr. 33/1907.

6. gr. Brot móti næstsíðustu málsgrein 4. greinar varða sektum til landssjóðs frá 5—50 kr., og skulu mál út af þeim brotum rekin sem opinber lögreglumál.

50. gr. frv.

Lög um mælitæki og vogaráhöld nr. 13/1924.

9. gr. Brot á lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögnum, varða sektum til ríkissjóðs, frá 5—200 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

51. gr. frv.

Lög um vigt á síld nr. 36/1930.

3. gr. Mál samkvæmt lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál. Brot gegn lögnum varða sektum frá 20—2 000 kr. Sektir renna í ríkissjóð.

52. gr. frv.

Lög um sölu á steinolíu, hráolíu, bensíni og smurningsolíu nr. 21/1949.

5. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 500—10 000 kr., er renna í ríkissjóð.

53. gr. frv.

Lög um útflutning hrossa nr. 64/1958.

9. gr. Brot gegn lögum þessum og reglum þeim, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 2 000—20 000 kr., sem renna í ríkissjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

54. gr. frv.

Lög um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og þurrmjólk nr. 88/1949.

3. gr. Brot gegn ákvæðum 1. gr. varða sektum frá 200—5 000 kr., og renna þær í ríkissjóð. Ólöglega innflutt mjólk skal upptæk gerð og andvirði hennar renna í ríkissjóð.

4. gr. Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

55. gr. frv.

Lög um einkarétt ríkisstjórnarinnar til þess að flytja trjáplöntur til landsins, og um eftirlit með innflutningi trjáfræs nr. 78/1935.

6. gr. Sá, sem gerist brotlegur við lög þessi, með því að flytja erlendar trjáplöntur til landsins, skal sæta sektum frá 10—500 krónum, og skal upphæðin metin eftir því, hvort viðkomandi flytur inn plöntur til eigin þarfa eða ætlar þær til sölu. Plönturnar skulu gerðar upptækar, og falla þær til skógræktar ríkisins. — Sá, sem brýtur 3. grein þessara laga, með því að selja trjáplöntur hærra verði en auglýst smásöluverð heimilar, skal sæta sektum frá 100—500 krónum. — Sá, sem flytur inn trjáfræ án nauðsynlegra heilbrigðisvottorða, sætir sektum frá 10—100 kr. — Sektarfé rennur í ríkissjóð.

7. gr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

56. gr. frv.

Lög um tilbúning og verslun með smjörliki o. fl. nr. 32/1933.

13. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100 til 5 000 krónum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum. — Skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál, nema um brot á hegningarlögnum sé að ræða.

57. gr. frv.

Lög um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum nr. 92/1935.

2. gr. Í reglugerðum þeim og öðrum fyrirmælum, sem sett verða samkvæmt lögum þessum, má ákveða sektir fyrir brot gegn þeim, allt að 10 000 kr., er renna í ríkissjóð, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

58. gr. frv.

Lög um útflutning saltaðrar síldar nr. 70/1933.

3. gr. Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum frá 50—1 000 kr., gegn 2. gr. 1000—10 000 kr., og renna þær í ríkissjóð. Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

59. gr. frv.

Lög um flokkun og mat ullar nr. 21/1976.

7. gr. Brot á ákvæðum laga þessara sæta sektum frá 5 000 til 100 000 krónum, nema þyngri refsing liggir við samkvæmt öðrum lögum.

60. gr. frv.

Lög um lögskráningu sjómanna nr. 63/1961.

25. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 10 000,00, enda liggir ekki þyngri refsing við brotinu samkvæmt öðrum lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

61. gr. frv.

Lög um skipströnd og vogrek nr. 42/1926.

32. gr. Um refsingar fyrir brot á lögum þessum fer sem hér segir: Ef einstakir menn brjóta það, sem þeim er boðið í 1., 10., 11. og 13. gr., eða hafa í frammi einræði eða móttþróa við björgun eða tefja hana viljandi, þá varðar það 10—1 000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggir við samkvæmt öðrum lögum. — 2. Ef lögreglustjóri, sérstakur umboðsmaður hans eða hreppstjóri eða önnur stjórnvöld brjóta lög þessi, þá fer um refsingar fyrir það eftir almennum hegningarlögum.

33. gr. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð. — Með mál út af brotum gegn ákvæðum laga þessara skal farið sem með almenn lögreglumál, nema sakamálameðferð skuli beitt.

62. gr. frv.

Lög um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi nr. 23/1955.

5. gr. 3. mgr. Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20 000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

14. gr. Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga.

Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 200—10 000 kr. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

63. gr. frv.

Lög um landshöfn í Rífi á Snæfellsnesi nr. 38/1951.

5. gr. 3. mgr. Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20 000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

14. gr. Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðkomandi, er við þykir eiga.

Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 200—10 000 kr. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

64. gr. frv.

Lög um landshöfn í Þorlákshöfn nr. 61/1966.

5. gr. 3. mgr. Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20 000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

14. gr. Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðkomandi, er við þykir eiga.

Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 200—10 000 kr. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

65. gr. frv.

Lög um bann við sölu og leigu skipa úr landi nr. 2/1917.

2. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 10 þús. til 200 þús. króna. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

66. gr. frv.

Lög um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimamelum nr. 113/1945.

9. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, allt að 1 000 kr., og skulu mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála.

67. gr. frv.

Lög um mannanöfn nr. 54/1925.

7. gr. Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, frá 100—500 kr., og skulu þær sektir allar renna til ríkissjóðs. Með mál út af lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

68. gr. frv.

Lög um stofnun og slit hjúskapar nr. 60/1972.

47. gr. 4. mgr. Nú torveldar það hjóna, sem hefur forræði barns, að hitt hjóna fái að umgangast barnið, og er þá hægt að knýja það, að viðlögðum 50—500 kr. dagsektum, að láta af tálmunum. Öðrum réttarfarsúrræðum verður ekki beitt til framdráttar umgengnisrétti.

76. gr. Hjúskaparmál skulu sótt og varin og vitni spurð fyrir lokuðum dyrum, nema báðir aðiljar séu á eitt sáttir um annað.

Eigi má heldur án leyfis beggja aðilja birta almenningi á nokkurn hátt annað af því, er gerst hefur í slíkum málum, en dóminn. Brot gegn ákvæði þessu sætir 100—10 000 króna sekt til ríkissjóðs.

69. gr. frv.

Lög um samvinnufélög nr. 46/1937.

42. gr. Ef stjórnendur eða skilaneftarmenn herma vísitandi rangt eða villandi í skýrslum, reikningum, auglýsingum eða yfirlýsingum til félagsfunda eða forráðamanna, eða í tilkynningum til skrásetningar, skulu þeir sæta sektum eða fangelsi, samkv. 26. gr. hinna almennu hegningarlaga, nema verkið varði þyngri refsingu að lögum. — Sömuleiðis liggja sektir við, allt að 2 000 kr., ef þeir herma vísitandi eða af stórfelldu gáleysi rangt eða villandi frá öðrum skjölum, viðskiptabréfum, umburðarbréfum eða tilkynningum um eignir og efnahag félags, er þeir stýra, eða ef þeir brjóta ákvæði 26. gr. — Ennfremur varðar það sektum, allt að 1 000 kr., að vanrækja tilkynningu til skrásetningar lögum þessum samkvæmt.

70. gr. frv.

Lög um bæjanöfn o. fl. nr. 35/1953.

10. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 1 000,00, er renna í ríkissjóð. Skulu lögreglustjórar og hreppstjórar hafa eftirlit með því, að þeim sé hlýtt.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

71. gr. frv.

Landskiptalög nr. 46/1941.

19. gr. Enginn má, eftir gildistöku þessara laga, taka land til ræktunar, setja upp varanlega girðingu, gera skurð, byggja hús eða önnur varanleg mannvirki í óskiptu sameignarlandi, þó samþykki allra annarra hlutaðeigandi liggi fyrir. Brot gegn þessu ákvæði varðar sekt, allt að 1 000 kr., er renni í viðkomandi sveitarsjóð.

72. gr. frv.

Lög um almenn gæðamerki nr. 89/1935.

8. gr. 2. mgr. Loks má ákveða í reglugerðinni sektir frá 10—5 000 kr. fyrir brot á ákvæðum reglugerðarinnar.

73. gr. frv.

Lög um málflytjendur nr. 61/1942.

8. gr. Stjórn félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna ber að hafa eftirlit með, að félagsmenn fari að lögum í starfa sínum og ræki skyldur sínar með trúmennsku og samviskusemi. Stjórn félagsins hefur úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflytningsstarf, ef ágreiningur um það er borinn undir hana. — Stjórn félagsins ber að hafa eftirlit með þeim, er búa sig undir að verða héraðsdómslögmennt. Dómsmálaráðuneytinu ber að leita umsagnar stjórnar félagsins, áður en það veitir leyfi til málflytnings fyrir héraðsdómi. — Stjórn félagsins getur veitt einstökum félagsmönnum áminningar og gert þeim á hendur allt að 5 000 króna sekt til styrktarsjóðs félagsins fyrir framferði í starfa þeirra, er telja má stéttinni ósamboðið. — Úrskurðir félagsstjórnarinnar samkvæmt þessari grein sæta kæru eftir 199. gr. laga nr. 85 23. júní 1936.

74. gr. frv.

Lög um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmalaflokka og blaðaútgáfu erlendra sendiráða á Íslandi nr. 62/1978.

5. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að tíu milljónum króna.

Fjármagn, sem af hendi er látið í trássi við lög þessi, skal gert upptækt og rennur til ríkissjóðs.